

Ályktanir lækna ráðs Landspítala um skipurit Landspítala

Ályktun 1;

- Almennur fundur lækna ráðs Landspítala haldinn 15. nóvember 2019 hafnar skipulagsbreytingum forstjóra Landspítala sem heilbrigðisráðherra staðfesti í september s.l. og tóku gildi þ. 1. október 2019.
- Þrátt fyrir staðfestingu ráðherra telur fundurinn nýja skipuritið ekki í samræmi við fagleg sjónarmið og ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu hvað varðar faglega ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga og yfirlækna sérgreina og sérdeilda.
- Hvetur fundurinn ráðherra til að sjá til þess að skipurit sjúkrahússins fylgi lögum og taki mið af tveim vönduðum umsögnum Umboðsmanns Alþingis um stjórnskipulagsmál Landspítala sem birt voru í febrúar 2007 og í byrjun september 2019 (mál nr. 4456/2005 og mál nr. 9841/2018).

Ályktun 2;

- Almennur fundur lækna ráðs Landspítala 15. nóvember 2019 telur mikilvægt að endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu fari fram með víðtæku samráði við fagfólk.
- Tryggt verði að slík endurskoðun feli í sér að yfirlæknar sérgreina og sérdeilda beri áfram faglega ábyrgð á þeirri lækniþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra lækninga og að sjálfstætt lækna ráð starfi áfram með þeim hætti sem verið hefur um áratuga skeið.

Ályktun 3;

- Almennur fundur lækna ráðs Landspítala 15. nóvember 2019 hvetur til umræðu um að skipuð verði stjórn yfir Landspítala með aðkomu fagaðila. Slík stjórn m.a. ráði forstjóra, tryggi fjármögnun og sjái til þess að spítalinn sinni þrjúþættu hlutverki sínu sem lækningastofnun, kennslu- og vísindastofnun.